

Nd.

**643. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um toll af póstsendingum, sem koma til Íslands frá útlöndum.

Frá meiri hluta skattanefndar.

Frumvarp þetta stendur í svo nánu sambandi við frumvarp það til laga um farmgjald af aðfluttum vörum, sem nú liggur fyrir þinginu, að ef farmgjaldið verður lögleitt, er nauðsynlegt að samþykkja einnig samsvarandi toll af póstsendingum, til þess að varna því, að menn skjóti sér undan gjaldinu með því, að senda vörur með pósti.

Vér ráðum því háttv. deild til að samþykkja þetta frumvarp jafnframt farmgjaldsfrumvarpinu, þó með þessum breytingum, er grein verður gerð fyrir við framsögu málsins:

- Við 1. gr. Orðin »í landssjóð« falli burt.
- 1. — Fyrir »5 pundum« komi: 2<sup>1</sup>/<sub>2</sub> kg. (vg.).
- 1. — — »5 pund að 10 pundum« komi: 2<sup>1</sup>/<sub>2</sub> kg. (vg.) að 5 kg. (vg.)
- 2. — — »böggulinn« komi: fylgibréfið.
- 2. — — »póstkröfusendingum« komi: pósthöglum.

Alþingi 15. apríl 1911.

Ólafur Briem,  
form. og framsögum.

Benedikt Sveinsson.

Magnús Blöndahl.

Sigurður Gunnarsson.